



GILJASKÓLI

Námsvísir 2009 - 2010

8. bekkur

Umsjónarkennarar: Elva Eir Þórólfsdóttir og Sigfús Aðalsteinsson
Sérkennari: Laufey Hreiðarsdóttir
Íslenska: Elva Eir Þórólfsdóttir og Sigfús Aðalsteinsson
Lífsleikni: Elva Eir Þórólfsdóttir og Sigfús Aðalsteinsson
Danska: Bryndís Indiana Stefánsdóttir
Enska: Inga Dís Sigurðardóttir
Stærðfræði: Sigfús Aðalsteinsson og Kolbrún Jónsdóttir
Samfélags- og trúarbragðafræði: Brynjar Karl Óttarsson
Tölvunotkun: Vala Björk Stefánsdóttir
Náttúrfræði: Elva Eir Þórólfsdóttir
Handmennt: Astrid Hafsteinsdóttir
Hönnun og smíðar: Ingvar Engilbertsson
Myndmennt: Bryndís Kondrup
Heimilisfræði: Alda Björk Sigurðardóttir
Íþróttir: Einvarður Jóhannsson
Sund: Þuríður Helga Þorsteinsdóttir
Upplýsingamennt: Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir
Heimanám - val: Erla Sigurveig Ingólfssdóttir, Kolbrún Jónsdóttir og Laufey Hreiðarsdóttir
Íþróttir - val: Einvarður Jóhannsdóttir
Leiklist - val: Sólveig Rögnvaldsdóttir
Marimba: Ásta Magnúsdóttir
Myndvinnsla – kvikmyndir: Brynjar Karl Óttarsson

Íslenska 2
Lestur 2
Talað mál og framsögn 2
Hlustun og áhorf 3
Ritun/stafsetning 4
Málfræði 5
Stærðfræði 6
Enska 11
Hlustun 11
Lestur 12
Talað mál 12
Ritun 12
Danska 13
Hlustun 13
Lestur 13
Talað mál 13
Ritun 14
Samfélagsfræði 14
Saga 14
Landafræði 16
Trúarbragðafræði 17
Náttúrfræði 18
Lífvísindi 18
Eðlis- og jarðvísindi 19
Lífsleikni 20
Tölvunotkun 20
Hönnun og smíðar 21
Heimilisfræði 22
Handmennt 22
Myndmennt 23
Íþróttir 24
Sund 25
Upplýsingamennt 26
Fatasaumur-val 27
Heimanámsval 27
Íþróttir-val 27
Leiklist - val 28
Marimba – val 28
Myndmennt - val 28
Myndvinnsla – kvikmyndir 28



Íslenska

Lestur

Markmið

Að nemandi

- geti fundið afþreyingarefni við sitt hæfi á heimili sínu, bókasafni eða á Netinu
- afli sér heimilda á bókasafni eða á tölvutæku formi til frekari úrvinnslu
- þjálfist í notkun orðabóka og annarra handbóka
- lesi unglingsbækur að eigin vali
- sé fær um að gera útdrátt úr efni sem hann hefur lesið
- geti myndað sér skoðun á því sem hann hefur lesið
- geti skynjað boðskap og markmið texta
- taki þátt í umræðum um lesna texta
- þjálfist í að lesa og túlka ýmiss konar myndmál og myndrænt efni
- geti lesið úr töflum og myndritum og tengt niðurstöður við ákveðin verkefni
- auki orðaforða sinn og lesskilning og efli málskilning með margvíslegum lestrarverkefnum í skóla og á heimili
- þjálfist í mismunandi lestri; leitarlestri, yfirlitslestri, skimlestri, hraðlestri og nákvæmnislestri
- geti lesið margvísleg fyrirmæli og farið eftir þeim

Námsgögn og leiðir

Nemendur lesa heima og gera grein fyrir efninu, skoðunum sínum á því, boðskap o.fl í tímum. Nemendur lesa ljóð og sögur og flytja ræður upphátt í kennslustundum. Lestaráttak verður fyrir áramót og nokkuð um ritun. *Mályrkja I* lesbók, *fornsaga*, *Finnur 1* frjálslestrarbækur, ýmis blöð, tímarit og fleira valið efni.

Námsmat

Lestur verður ekki metinn sérstaklega þar sem hann tengist óneitanlega inn í allar aðrar námsgreinar og verður metinn sem hluti af þeim.

Talað mál og framsögn

Markmið

Að nemandi

- geti tjáð sig frjállega frammi fyrir skólafélögum sínum og öðrum hópum, t.d. við kynningu á hópverkefnum
- geti sagt skipulega frá eigin reynslu og upplifun, t.d. eftir leiksýningar, kvikmyndir eða lestur bóka
- geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í að taka þátt í samræðum um tiltekin málefni og komist að niðurstöðu
- geti lýst munnlega eða skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr daglegu lífi
- geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og rökstutt hana
- þjálfist í samræðum í litlum hópum um tiltekin málefni
- þjálfist í að tala blaðlaust um ákveðið efni, bæði að eigin vali og um málefni líðandi stundar
- öðlist sjálfsöryggi í framsögn og framkomu með margvíslegum verkefnum við hæfi



- þjálfist í framsögn með ýmsum hljóðmótunaræfingum
- geti flutt laust og bundið mál upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun
- taki þátt í leikrænni tjáningu, t.d. spunaæfingum eða leiklestri
- geti endursagt og/eða lesið upphátt sögur og ljóð með viðeigandi látbragði, tónfalli og áherslum
- tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- þjálfist í að segja og flytja skopsögur, bæði eigin og annarra, í minni og stærri hópum og skoði hvað kemur fólki almennt til að hlæja.

Námsgögn og leiðir

Nemendur koma upp og tjá sig fyrir framan bekkinn um hin ýmsu mál. Nemendur kryfja ákveðin mál til mergjar, komast að niðurstöðu og greina frá henni munnlega. Lesa upp ljóð, sögur og frumsamið efni fyrir bekkinn. *Mályrkja I*, lesbók og vinnubók, ýmsar ljóðabækur og sögubækur.

Námsmat

Talað mál og framsögn verður ekki metin sérstaklega þar sem hún tengist óneitanlega inn í allar aðrar námsgreinar og verður metin sem hluti af þeim.

Hlustun og áhorf

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í að hlusta á flókin fyrirmæli og fara eftir þeim
- skilji meginatriði í nákvæmum munnlegum upplýsingum
- geti hlustað af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra
- geti hlustað á umræður og gert sjálfum sér og öðrum grein fyrir innihaldi þeirra
- þjálfist í að hlusta á upplestur ýmiss konar bókmenntaefnis
- geti skilið almennan fréttatexta í útvarpi og sjónvarpi
- geti nýtt sér fræðsluefni á myndbandi til ýmiss konar úrvinnslu
- geti hlustað með eftirtekt á ljóð og laust mál og endursagt efnið á skipulegan hátt, munnlega eða skriflega
- geti fylgt þræði í sögu eða útvarpsleikriti sem hæfir aldri hans
- fái tækifæri til að horfa á leiksýningar í leikhúsi eða á myndbandi
- fái tækifæri til að hlusta á vandaðan upplestur bókmenntaefnis, t.d. af myndbandi eða hljóðbandi
- tileinki sér viðeigandi framkomu þegar hlustað er t.d. á upplestur eða frásagnir.

Námsgögn og leiðir

Nemendur hlusti á bekkjarfélaga með athygli og þjálfist í að gagnrýna hver annan á jákvæðan hátt að upplestri loknum. Horft og hlustað á ýmislegt fræðsluefni og verkefni unnin því samfara. Ýmis verkefni þar sem fara þarf eftir munnlegum fyrirmælum. *Mályrkja I* lesbók og vinnubók. Hlustað á útvarpsefni svo sem tónlist og talað mál sem tengist verkefnum nemenda.

Námsmat

Hlustun og áhorf verður ekki metið sérstaklega þar sem það tengist óneitanlega inn í allar aðrar námsgreinar og verður metið sem hluti af þeim.



Ritun/stafsetning

Markmið

Að nemandi

- þekki flestar stafsetningarreglur og hafi náð nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- þjálfist í að nota stafsetningarorðabók og ritunar- og leiðréttingarforrit
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta, m.a. bréfum, umsóknum, ritgerðum og lýsingum
- þjálfist í ritun með margháttuðum tölvusamskiptum, t.d. með tölvupósti, þátttöku í netráðstefnum og spjallrásum
- tileinki sér persónulega og læsilega rithönd
- geti skipt texta í setningar, málsgreinar og efnisgreinar af nokkru öryggi
- þjálfist í að taka glósur í námi sínu
- geti skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli eða leiðbeiningar
- skrifi útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- geti skrifað sögur og ljóð og þjálfist í að nota myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á
- geti byggt upp texta á viðeigandi hátt
- læri að nýta sér heimildir við ritun
- fáist við ritun í tengslum við lesna bókmenntatexta
- þjálfist í að beita mismunandi stíl í rituðu máli með tilliti til viðtakanda og efnis
- taki við ýmiss konar gagnrýni á eigin texta og vinni úr henni til að bæta textann
- geti nýtt sér tölvu við ritun/ritvinnslu

Námsgögn og leiðir

Stafsetning verður þjálfuð í gegnum hin ýmsu verkefni. Nemendur semja sögur og ljóð, skrifa útdrætti og vinna heimildavinnu. Rifjaðar verða upp helstu stafsetningarreglur og unnin verkefni í kjölfarið. Nemendur þjálfast í ritun í gegnum dagbók sem þeir halda yfir veturinn. *Mályrkja I* lesbók og vinnubók, Ýmis ritunarverkefni og stafsetningaræfingar. Unnið í tölvu til að æfa ritgerðavinnu.

Námsmat

Símat á skriftarlagi og frágangi. Ýmis ritunarverkefni. Skráðar framfarir í stafsetningu. Stafsetningarpróf eru með reglulegu millibili. Virkni í tímum og vinnubrögð eru einnig metin til einkunnar. Þessi þáttur íslenskunámsins gildir 20-30% af heildareinkunn.

Bókmenntir

Markmið

Að nemandi

- lesi og ræði ítarlega um bækur sem fjalla um reynsluheim unglunga
- lesi og ræði um mismunandi lausamálstexta, s.s. smásögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og valda texta úr Íslendingasögum eða -þáttum
- hraðlesi tvær til þrjár skáldsögur, t.d. unglingsbækur, og geri grein fyrir efni þeirra skriflega eða munnlega
- skoði hugmyndaheim teiknimyndasagna
- þekki mun óhefðbundinna og hefðbundinna ljóða
- lesi og ræði um valdar vísur og ljóð



- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- kannist við þekktustu íslensku ljóðskáldin frá fyrri hluta síðustu aldaar og nokkur verka þeirra
- geri sér grein fyrir grunnhugtökunum í umfjöllun um skáldsögur, t.d. boðskap, aðal- og aukapersónum og umhverfi
- þekki hugtökin rím, stuðla, braglínu, endurtekningu, persónugervingu og líkingu og geti notfært sér þau í umfjöllun um bókmenntatexta
- geti gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekið bókmenntaverk hefur á hann
- geti nýtt sér margmiðlunarefni, efni á geisladiskum og Netinu til að dýpka þekkingu sína

Námsgögn og leiðir

Nemendur lesa bókmenntir, ljóð, og vinna bókmenntaverkefni. Skoðaðir verða mismunandi textar svo sem textar úr skáldsögum, fræðiritum og dægurlögum. *Mályrkja I* lesbók og vinnubók, einnig ýmsar aðrar bækur. Ýmis smærri verkefni unnin.

Námsmat

Verkefni úr sögunum eru metin. Próf eða ritgerðir metnar. Virkni í tímum og vinnubrögð eru einnig metin til einkunnar. Bókmenntaeinkunn gildir 30-35% af heildareinkunn í íslensku.

Málfræði

Markmið

Að nemandi

- fái ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með myndagátum, krossgátum, þrautum, ýmiss konar orða- og málleikjum og spuna
- átti sig á flokkun í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og í hverju flokkunin felst
- þekki beygingaratriði fallorða og geti í því sambandi fundið fall, tölu og kyn og notfært sér þessi hugtök í leiðbeiningum um málfar og í tengslum við leiðbeiningar og frágang texta
- geri sér grein fyrir hvaða orðmynd er uppflattimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- geti fundið nútíð og þátíð sagnorða og átti sig á mun reglulegrar beygingar og óreglulegrar
- geti fundið nafnhátt og boðhátt sagna og átti sig á merkingarlegum mun þeirra
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun
- geti greint forskeyti og viðskeyti og skilið hlutverk þeirra við orðmyndun
- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein og geti sett viðeigandi greinarmerki rétt við ritun eigin texta
- þekki mun einhljóða og tvíhljóða og átti sig á hvernig hann birtist, t.d. í mun á framburði og stafsetningu
- geti flett upp í orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, t.d. um kyn orða og beygingu
- geti nýtt sér málfræðilegar leiðbeiningar í námsgögnum.

Námsgögn og leiðir

Nemendur vinna ýmis málfræðiverkefni. *Finnur I, Fallorð, Sagnorð* og ýmis fjölrituð blöð.

Námsmat



Vinnubækur skoðaðar. Málfræðipróf eru reglulega. Virkni í tímum og vinnubrögð eru einnig metin til einkunnar. Málfræðieinkunn gildir 30-35% af heildareinkunn í íslensku.

Stærðfræði

Markmið

Aðferðir

Markmið að nemendur:

- Beiti nákvæmni í vinnubrögðum.
- Kynnist vinnubrögðum stærðfræðinnar.
- Þjálfist í að nota tungumál stærðfræðinnar.
- Lesi og túlki stærðfræðilegan texta.
- Kynnist dæmum um tengsl stærð-fræði og byggingarlistar.
- Geti nýtt sér táknmál stærðfræðinnar.
- Greini samhengi og skrái.
- Þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræðinnar.
- Greini röklegt samhengi og dragi ályktanir.
- Efli hlutfallaskilning sinn.
- Geti fundið hlutfall af heild og hlutföll milli hópa.
- Geti borið saman hlutföll.
- Nýti sér mælikvarða.
- Kynnist mismunandi skráningarformi á hlutföllum.
- Efli brotaskilning sinn.
- Geti fundið jafngild almenn brot og metið stærð brota.
- Finni hluta af staks tæðri heild (fjölda).
- Nái valdi á einföldum reikningi með almennum brotum bæði með samnefndum og ósamnefndum brotum.
- Kynnist hvernig nota má frumþáttun við að finna samnefnara.
- Æfist í að breyta endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot.
- Efli leikni sína í með-ferð talna.
- Kynnist þáttum úr sögu stærðfræðinnar.
- Þekki einkenni frumtalna og leiðir til að finna þær.
- Átti sig á deilanleika talna og geti fundið út hvort tiltekin tala gangi upp í aðra.
- Þekki ferningstölur og ferningsrætur.
- Kynnist veldarithætti.
- Þekki einkenni samsettra talna og geti rakið samsetta tölu í frumþætti.
- Geri greinarmun á tvívídd og þrívídd.
- Þekki hugtökin réttstrendingur og teningur og einkenni þessara forma.
- Kynnist því hvernig finna má rúmmál réttra strendinga, þrístrendinga, sexstrendinga og sívalninga.
- Vinni með mælieiningar sem tengjast flatar- og rúmmáls-mælingum.
- Kynnist samspili efnismagns sem notað er í algengar umbúðir og rúmmáls þeirra.
- Sýni góðan skilning á sætiskerfinu og uppbyggingu tugakerfisins.
- Hafi góðan skilning á tugabrotum og reikningi með þeim.



- Skilji og geti notfært sér samband milli tugabrota, prósentu og almennra brota.
- Hafi nokkurt vald á prósentureikningi þar sem unnið er með hluta, heild, hækkun og lækkun.
- Þekki hugtökin tíðni, tíðasta gildi, meðaltal, miðgildi og dreifing og geti notað þau til að lýsa gagnasafni.
- Geti notað súlurit, línurit, stuðlarit og önnur einföld myndrit til að setja fram tölulegar upplýsingar.
- Geti túlkað og lesið úr tölfræðilegum upplýsingum.
- Þjálfist í að nota gagnasöfn og gera kannanir til að afla tölulegra upplýsinga.
- Kynnist mismunandi leiðum við flokkun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga.
- Kynnist því að lýsa má stærðfræðilegu inntaki á ýmsa vegu.
- Geri sér grein fyrir tengslum inntakspátta stærðfræðinnar.
- Átti sig á að stærðfræðileg hugtök eru oft notuð til að lýsa því sem gerist í raun og veru.
- Fáir þjálfun í að beita stærðfræðilegri þekkingu sinni í margvíslegu samhengi.
- Kynnist því að lýsa má stærðfræðilegu inntaki á ýmsa vegu.
- Geri sér grein fyrir tengslum inntakspátta stærðfræðinnar.
- Átti sig á að stærðfræðileg hugtök eru oft notuð til að lýsa því sem gerist í raun og veru.
- Fáir þjálfun í að beita stærðfræðilegri þekkingu sinni í margvíslegu samhengi.
- Geti valið hentugar leiðir við lausnir verkefna og þrauta.
- Lesi og skrifi stærðir með tölum og öðrum táknum.
- Æfi sig í að rökstyðja fullyrðingar og meta sanngildi þeirra.
- Þýði verkefni úr daglegu lífi yfir á táknmál stærðfræðinnar.
- Geti lesið og túlkað stærðfræðilegan texta.
- Beiti námkvæmni við lausn viðfangsefna.
- Lesi og túlki stærðfræðilegan texta.
- Nýti sér myndir og hlutbundin námsgögn við nám sitt.
- Kynnist verklegum vinnubrögðum og rannsóknum í stærðfræði.
- nefnaranna og þeir verða að koma fyrir eins oft og þeir koma oftast fyrir.
- Dæmi: $8 = 2 \cdot 2 \cdot 2$
- $18 = 2 \cdot 3 \cdot 3$
- Minnsti samnefnari verður $72 = 2 \cdot 2 \cdot 2 \cdot 3 \cdot 3$
- Margfeldið af 8 og 18 er 144 og er það líka samnefnari en minnsti samnefnarinn er 72.
- Dæmi: $60 = 2 \cdot 2 \cdot 3 \cdot 5$
- $54 = 2 \cdot 3 \cdot 3 \cdot 3$
- Minnsti samnefnari verður $540 = 2 \cdot 2 \cdot 3 \cdot 3 \cdot 3 \cdot 5$
- Temji sér að skrá niðurstöður sínar skipulega.
- Geti tekið þátt í samræðum um stærðfræði.
- Geti dregið ályktanir á grundvelli eigin athugana.
- Greini upplýsingar og nýti þær við útreikninga.
- Takist á við stærðfræðileg viðfangsefni tengd daglegu lífi.
- Dragi ályktanir út frá tölulegum upplýsingum.
- Skrifi skýrslu byggða á útreikningum og tölulegum gögnum.
- Lesi og skrifi tölurá fjölbreyttan hátt.
- Efli hæfni sína í að ræða um stærðfræði og rökstyðja hugmyndir sínar.
- Lesi og túlki stærðfræðilegan texta.



- Noti rannsóknarnálgun við lausn verkefna.
- Geti metið sanngildi fullyrðinga og rökstutt niðurstöður.
- Geti túlkað reglur sem settar eru fram á táknmáli stærðfræði.
- Átti sig á notkun reikniregla í daglegu lífi.
- Geti notað töluleg gögn sem lið í rökstuðningi.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi stærðfræðilegrar þekkingar fyrir hinn almenna þjóðfélagsþegn.
- Taki þátt í umræðum um niðurstöður úr gagnasafna.
- Kynni niðurstöður úr eigin athugun munnlega.
- Vinni með einingar í metrakerfinu í tengslum við daglegt líf.

Inntak

Markmið að nemendur:

- Læri að finna miðpunkt striks.
- Læri að teikna línu og strik hornrétt hvort á annað og nýti sér það við rúmfræðilegar teikningar.
- Geti fundið flatarmál marghyrninga og hornasummu þeirra.
- Þekki einkenni hrings (þvermál, geisli, o.fl.) og geti fundið flatarmál og ummál hringja.
- Kynnist dæmum úr sögu stærðfræðinnar.
- Átti sig á hvernig algebra er notuð í útreikningum.
- Skilji markmið með notkun bókstafa í stærðfræði.
- Þekki leið-ir til að skrá samband stærða.
- Kynnist hugtakinu stærða og notkun þess.
- Geti einfaldað stærður og fundið gildi þeirra.
- Greini mynstur og regluleika og skrái á táknmáli stærðfræðinnar.
- Geti sett fram stærð-ur með tölum, táknum, myndum og orðum.
- Kynnist forgangsröð aðgerða og notkun sviga.
- Efli hlutfallaskilning sinn.
- Geti fundið hlutfall af heild og hlutföll milli hópa.
- Geti borið saman hlutföll.
- Nýti sér mælikvarða.
- Kynnist mismunandi skráningarformi á hlutföllum.
- Efli brotaskilning sinn.
- Geti fundið jafngild almenn brot og metið stærð brota.
- Finni hluta af stakstærri heild (fjölda).
- Nái valdi á einföldum reikningi með almennum brotum bæði með samnefndum og ósamnefndum brotum.
- Kynnist hvernig nota má frumþáttun við að finna samnefnara.
- Æfist í að breyta endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot.
- Efli leikni sína í með-ferð talna.
- Kynnist þáttum úr sögu stærðfræðinnar.
- Þekki einkenni frumtalna og leiðir til að finna þær.
- Átti sig á deilanleika talna og geti fundið út hvort tiltekin tala gangi upp í aðra.
- Þekki ferningstölur og ferningsrætur.
- Kynnist veldarithætti.
- Þekki einkenni samsettra talna og geti rakið samsetta tölu í frumþætti.



- Geri greinarmun á tvívídd og þrívídd.
- Þekki hugtökin réttstrendingur og teningur og einkenni þessara forma.
- Kynnist því hvernig finna má rúmmál réttra strendinga, þrístrendinga, sexstrendinga og sívalninga.
- Vinni með mælieiningar sem tengjast flatar og rúmmáls-mælingum.
- Kynnist sams pili efnismagns sem notað er í algengar umbúðir og rúmmáls þeirra.
- Sýni góðan skilning á sætiskerfinu og uppbyggingu tugakerfisins.
- Hafi góðan skilning á tugabrotum og reikningi með þeim.
- Skilji og geti notfært sér samband milli tugabrota, prósentu og almennra brota.
- Hafi nokkurt vald á prósentureikningi þar sem unnið er með hluta, heild, hækkun og lækkun.
- Þekki hugtökin tíðni, tíðasta gildi, meðaltal, miðgildi og dreifing og geti notað þau til að lýsa gagnasafni.
- Geti notað súlurit, línurit, stuðlarit og önnur einföld myndrit til að setja fram tölulegar upplýsingar.
- Geti túlkað og lesið úr tölfræðilegum upplýsingum.
- Þjálfist í að nota gagnasöfn og gera kannanir til að afla tölulegra upplýsinga.
- Kynnist mismunandi leiðum við flokkun og úrvinnslu tölulegra upplýsinga.
- Kynnist því að lýsa má stærðfræðilegu inntaki á ýmsa vegu.
- Geri sér grein fyrir tengslum inntaksþátta stærðfræðinnar.
- Átti sig á að stærðfræðileg hugtök eru oft notuð til að lýsa því sem gerist í raun og veru.
- Fáir þjálfun í að beita stærðfræðilegri þekkingu sinni í margvíslegu samhengi.
- Kunni deili á hvað felst í eins tökum efnisþáttum stærðfræðinnar.
- Beri saman stærð brota og kanni hvort þau eru jafngild.
- Kynnist leiðum til að finna samnefnara og þjálfist í samlagningu og frádrætti brota.
- Geti breytt almennum brotum í tugabrot og kynnist því að sum tugabrot eru endanleg en önnur ekki.
- Kynnist óformlegum leiðum við að margfalda saman almenn brot og við að deila með almennu broti í annað almennt brot.
- Þjálfist í reikningi með tugabrotum.
- Geri sér grein fyrir að sama niðurstaða fæst t.d. með því að margfalda tölu með 45 , 0,8 og með því að finna 80% af tilteknum fjölda.
- Skilji hvað felst í hugtakinu líkindi og átti sig á að sumir hlutir eru háðir líkum og aðrir ekki.
- Geti reiknað út einfaldar líkur og skráð sem almennt brot, prósentur eða tugabrot á kvarðanum frá 0–1.
- Kynnist notkun líkindatrés við að skrá alla útkomumöguleika og við að finna samsettar líkur.
- Átti sig á muninum á fræðilegum líkum og líkum byggðum á tilraunum.
- Kynnist því hvernig nýta má töflureikni til að líkja eftir teningakasti.
- Kynnist því hvernig ýmsar ákvarðanir eru byggðar á mati á líkum.
- Kynnist ýmsum leiðum við að einfalda og leysa einfaldar jöfnur með einni óþekktri stærð.
- Geti skráð samhengi stærða með því að nota jöfnur með einni óþekktri stærð.
- Geti nýtt sér jöfnur við lausn viðfangsefna.
- Kynnist því hvernig nota má línurit til að finna lausnir á jöfnum með tveimur óþekktum stærðum.



- Geti skráð punkta í öllum fjórðungum hnitakerfisins.
- Fáist við einfalda flutninga, svo sem hliðranir, snúninga og speglanir mynda í sléttum fleti.
- Geti skráð flutninga í hnitakerfi.
- Skoði og greini flutninga í mynstrum og mynsturborðum.
- Kynnist mynsturgerð frá ýmsum menningarheimum og tímabilum.
- Efli skilning sinn á prósentuhugtakinu.
- Geri sér grein fyrir að hlutfall má skrá sem prósentur, almennt brot eða tugabrot.
- Kynnist ýmsum leiðum við prósentureikning.
- Kynnist prósentujöfnunni heild · prósentu = hluti og geti notað hana til að finna heild, hluta eða prósentu.
- Fáist við algengan prósentureikning svo sem hækkun, lækkun, minnkun, aukningu og afslátt.
- Þjálfist í meðferð talna og efli talnaskilning sinn.
- Fáist við ýmsar hugmyndir úr talnafræði svo sem veldi, frumtölur, samsettar tölur, Fibonacci tölur, ferningstölur og ferningsrætur.
- Geti greint og talið möguleika á að raða saman nokkrum stökum.
- Kynnist helstu talnamengjunum.
- Kynnist hugmyndinni á bak við hugtakið tölugildi.
- Nýti sér hugtökin sammengi, sniðmengi og stak.
- Nái tókum á reiknireglum, svo sem víxlreglu, tengireglu og dreifireglu og geti nýtt sér þær við útreikninga.
- Kynnist sérstöðu talnanna 0 og 1 í reikniaðgerðum.
- Öðlist góða tilfinningu fyrir tölum og geti lagt mat á hvort útkoma í reikningsdæmi er sennileg.
- Þjálfist í fjölbreyttum leiðum við reikning með ræðum tölum.
- Átti sig á deilanleika talna og afgangi sem myndast við deilingu.
- Geti lesið úr og túlkað tölulegar upplýsingar.
- Geti sett fram tölulegar upplýsingar á fjölbreyttan hátt.
- Fáist við háar tölur.
- Geti nýtt sér ýmsa gagnagrunna.
- Geti nýtt sér töflureikni við úrvinnslu og framsetningu gagna.
- Nái tókum á hugtökum sem lýsa miðsækni.
- Kynnist hugtakinu úrtak.
- Efli skilning sinn á uppbyggingu metrakerfisins.
- Geti framkvæmt útreikninga með einingum úr metrakerfinu.

Námsskipan

Nemendum árgangsins er skipt í tvær bekkjardeildir og hefur hvor sinn kennara ásamt því að hafa ákveðinn aðgang að sérkennara eftir þörfum einstaklinga. Sérkennari kemur inn í kennslustofu eða tekur smærri hópa í námsver. Ef um sértæk frávik er að ræða hjá nemendum fá þeir námsefni sem er aðlagð að þeirra getu og þörfum.

Kennsluaðferðir

Eftirfarandi kennsluaðferðum er beitt í stærðfræði: Sýnikennslu þar sem nemendur og kennari fara saman á ákveðna námsþætti. Skriflegum æfingum og töflukennslu, tvenndarvinnu þar sem tveir eða fleiri nemendur vinna saman að ákveðnum verkefnum. Yfirferð námsefnis og námsspil til upprifjunar og þjálfunar, Hópvinnu þar sem nemendur leysa tiltekin viðfangsefni sameiginlega en þar gefst nemendum kostur á að taka að sér



mismunandi hlutverk s.s. verkstjórn, samhæfingu, skýrslugerð, ritun, eftirlit og mat. Í flestum tilfellum vinna nemendur einstaklingslega í verkefnabækur. Kennari leggur inn námsþætti og gefur nemendum tækifæri á að ræða helstu markmið og leiðir.

Námsgögn

Nemendur vinna í kennslubókunum Átta tíu 1 og 2 auk þess er Almenn stærðfræði fyrir grunnskóla 1 og 2 notuð nokkuð. Þar að auki eru ýmis ljósrituð verkefni frá kennurum. Þá eru nemendur þjálfaðir í notkun vasareikna og tölvuforrita. Að auki er ætlunin að lauma að nemendum ýmsum þrautum og æfa þannig þrautalausnir á kerfisbundinn hátt. Hópvinna og þemavinna bjóða uppá ýmiskonar námsgögn en þeim er ætlað að hjálpa nemendum til að ná betri tókum á námsefni og dýpka skilning á námsþáttum. Í stærðfræði er lögð áhersla á það að nemendur tileinki sér að nota námsgögn við vinnu s.s. reglistiku, hringfara, vasareikni, teninga. Það er gert til að hlutgera stærðfræðina og auðvelda nemendum að sjá fyrir lausnir og leiðir að lausnum.

Námsmat

Nemendum er sett fyrir áætlun dag- eða vikulega. Kannanir eru í lok hvers kafla en auk þess fá nemendur heimdæmi/aukadæmi/heimapróf í lok hvers kafla. Nemendur fá kannanir til skoðunar og geta foreldrar fengið að skoða öll próf og verkefni sem nemendur vinna í tímum. Áhersla er lögð á að nemendur vinni sjálfstætt og taki ábyrgð á námi sínu, geti útskýrt hvaða aðferðum þeir beita og setji aðferðir sínar skilmerkilega fram, bæði í töluðu máli og í reikningsbókunum.

Heimanám

Heimanám er sett fyrir í lok hvers tíma og er tilgangur þess að nemendur taki ábyrgð á námi sínu, dýpki skilning á þeim námsþáttum sem farið hefur verið í og til að undirbúa nemendur fyrir nýja námsþætti. Auk þess að hjálpa foreldrum til að fylgjast með námsstöðu og námsframvindu nemenda. Skráning heimanáms fer fram á Mentor og fá foreldrar og nemendur aðgang að því kerfi. Einnig fer fram skráning á heimanámsskilum og er foreldrum sent yfirlit yfir ástundum í tölvupósti vikulega. Þeir foreldrar sem ekki hafa aðgang að tölvum fá upplýsingarnar bréflaga. Eftirliti kennara er þannig háttað að hafi nemandi ekki skilað heimavinnu 3 kennslustundir í röð er haft samband við foreldra símlíðis.

Þátttaka foreldra í skólastarfinu

Foreldrar eru ávallt velkomnir í skólastofuna og geta haft samband við kennara þegar þeir hafa áhuga og tíma til að koma. Kennari og foreldrar ákveða, sameiginlega, tíma sem hentar foreldrum til heimsóknna. Einnig eru foreldrar hvattir til að hafa samband við kennara ef þeir hafa einhverjar spurningar í sambandi við heimanám.

Enska

Markmið

Að nemandi

Hlustun

- geti skilið ensku í kennslustofunni, tal kennara og félagana í par- og hópæfingum
- geti skilið ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með



- geti skilið nokkuð nákvæmar upplýsingar, s.s. tilkynningar og skilaboð í verslunum og á veitingastöðum og upplýsingar um ferðalög
- geti skilið efni þar sem hlustun og myndefni tengist
- geri sér nokkra grein fyrir óformlegu og formlegu máli

Lestur

- geti lesið léttar smásögur
- geti lesið styttri skáldsögur
- geti lesið tímaritsefni, s.s. tímarit sérstaklega ætluð enskunemum og ungu fólki
- geti leitað sér upplýsinga í handbókum/tölvuneti/geisladiskum
- geti lesið nákvæmlega eða hraðlesið eftir þörfum
- geti lesið sér til fróðleiks eftir áhugasviðum
- geti lesið um valda þætti úr menningu enskumælandi þjóða
- geti unnið markvisst með orðaforða

Talað mál

- geti átt samskipti á ensku, þ.m.t. tekið orðið, umorðað mál sitt og leiðrétt sig
- hafi lært að beita réttum framburði, áherslum og hrynjandi
- geti talað ensku í kennslustundum
- geti tjáð sig um umhverfi sitt og áhugamál og það efni sem unnið er með hverju sinni á skýran og skipulegan hátt
- geti tekið þátt í samtölum um efni sem snertir daglegt líf hans
- geti sagt frá völdum þáttum úr íslenskrri menningu, náttúru og umhverfi
- geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum: nútíð, þátíð, framtíð, nafnorðum, lýsingarorðum, greini, algengum fornöfnum og algengum forsetningum

Ritun

- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfellda, styttri texta sem tengjast viðfangsefnum í námi
- geti skrifað frá eigin brjósti styttri texta, s.s. sögur, frásagnir, texta við myndasögur og endursagnir
- geti notað markvisst orðaforða sem hann hefur lært
- geti nýtt sér fyrirmyndir við að skrifa lengri og flóknari texta
- þjálfist í að vinna með ferlisritun
- þjálfist markvisst í stafsetningu
- geti nýtt sér orðabækur við ritun, bæði í bókformi, á Netinu og á geisladiskum.

Kennsluskipan:

Kennt er í tveimur getublönduðum bekkjum.

Námsgögn:

Matrix Foundation, lesbók og vinnubók. Ítarefni: léttlestrarbók, listi yfir óreglulegar enskar sagnir, ólesnir textar.

Forrit – hlustunarefni: snældur með *Matrix*, hljóðbækur.

Leiðir:

Nemendur lesa stutta skáldsögu (léttlestrarbók) og gera ritgerð úr henni, vinna lesskilningsverkefni, hlusta á texta, lesa þá og ræða, skrifa einfalda stíla, venjast því að



hlusta á ensku í kennslustundum og þjálfast í að nota ensku í umræðum og þjálfu málfræðiatríði í töluðu máli og ritun. Nemendur gera stuttar frásagnir/kynningar um ákveðin efni.

Kennsluaðferðir:

Bein kennsla, samvinnunám, hugstormun, umræður og spurningar, kappræður og talæfingar.

Heimanám:

Nemendur lesa og glósa heima, leysa verkefni úr ákveðnum textum, læra undir einstök próf eða verkefni.

Námsmat:

Reglulega eru unnin verkefni sem gilda til einkunnar. Námsmat fer fram með kafla og annarprófum auk þess sem unnin eru sérstök lesskilnings og ritunarverkefni. Stílar og söguverkefni 15%. Orðaforðaverkefni og ritun 15%. Ritgerð úr léttlestrarbók 15%. Munnlegt próf á vorönn gildir 15%. Próf úr óreglulegum sögnum gildir 10%. Kaflapróf úr Matrix ásamt annar próf gilda 55-60%.

Danska

Markmið

Að nemandi

Hlustun

- geti greint lykilorð innan efnisflokka
- skilji allt venjulegt, talað mál sem varðar umgengni og skilaboð innan skólastofu
- skilji aðalatriði í t.d. tilkynningum, samtölum og stuttum frásögnum
- geti fylgst með og haldið þræði þegar fjallað er um efni sem hann þekkir vel og hefur grunnorðaforða um
- skilji smáatriði þar sem orðaforðinn tengist lykilorðum í efnisflokkum sem unnið er með

Lestur

- geti beitt leitarlestri í stuttum textum, þ.e. lesið texta hratt yfir til að finna ákveðnar upplýsingar
- geti hraðlesið stuttan texta og skilið í honum aðalatriðin
- átti sig á hvernig hægt er að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi
- geti lesið nákvæmlega stutta texta sem tengjast efnisflokkum sem unnið er með
- hafi hraðlesið minnst eina léttlestrarbók (u.þ.b. 30-40 síður)

Talað mál

- hafi réttan framburð á y og æ, ld og nd
- geti sagt frá sjálfum sér og persónulegum högum sínum
- geti gefið einfaldar leiðbeiningar og fyrirmæli, m.a. vísað til vegar
- geti notað grunnorðaforða í efnisflokkum, sem unnið hefur verið með, á eigin



forsendum í nýju samhengi

Ritun

- geti skrifað einföld skilaboð
- geti skrifað persónulega dagbók
- geti skrifað stutt, persónulegt sendibréf til ættingja og vina þar sem orðaforði tengist efnisflokkum sem unnið er með

Kennsluskipn

Nemendum er kennt í getublönduðum bekkjum þrjár kennslustundir í viku. Unnið er einstaklingslega og í hópum. Kennari fylgist með vinnuframlagi nemenda og hvernig samvinna gengur.

Nemendur vinna með alla færniþættina í hverjum tíma, þ.e. hlustun, lestur, talað mál og ritun. Unnið er með orðaforða út frá hverjum efnisflokki sem fjallað er um hverju sinni. Reynt verður að miðla danskri menningu til nemenda eins og kostur er.

Heimanám er sett fyrir þegar við á. Heimanám er sett inn á Mentor og er einnig skrifað á töflu fyrir þá nemendur sem ekki hafa aðgang að Mentor. Heimanámi er ætlað að æfa það sem farið hefur verið yfir í kennslustundum og að æfa nemendur í vinnubrögðum ss. að nota lesbók, vinnubók og glósubók saman.

Námsgögn

Tænk, lesbók og vinnubók,
Hvad siger du? A, hlustunarverkefni.
Verkefni og sögur á lausum blöðum.
Kærlighed ved første hik - kvikmynd og verkefni henni tengd

Leiðir:

Nemendur lesa texta og leysa verkefni sem tengjast þeim, skriflega og/eða munnlega. Ritunarverkefni eru unnin samhliða yfir veturinn.

Námsmat:

Kaflapróf 25%. Annarpróf 40%. Munnlegt próf 20%. Vinna í tímum 15%

Samfélagsfræði

Saga

Markmið

- Að nemandi
- setji sig í spor jafnaldra á fyrri tíð með því að kanna persónulegar heimildir, t.d. sendibréf og ævisögur
 - kanni hvaða möguleika stúlkur og piltar höfðu til að móta framtíð sína í lok 19. aldar, með því t.d. að mennta sig, fara í vist, flytja í kaupstað eða til Vesturheims
 - kanni barnavinnu gegnum tíðina, hlutverk hennar og viðhorf manna til hennar allt til líðandi stundar, einkum á Íslandi
 - kynnist æviágripi Jóns Sigurðssonar og konu hans, Ingibjargar Einarsdóttur
 - kanni röksemdafærslu Jóns fyrir aukinni sjálfstjórn á Íslandi



- kanni andrúmsloft menntamanna í Kaupmannahöfn og hvaða áhrif það hafði á hugmyndir Jóns Sigurðssonar
- kanni hvað af hugmyndum um sjálfstæði, þjóðerni og lýðræði átti uppruna í frönsku byltingunni og hugmyndastefnum 18. og 19. aldar
- athugi og reyni að meta hvaða leiðir Jón Sigurðsson taldi færar og heppilegar á Íslandi í stjórnmálum og atvinnumálum í samanburði við það sem ríkti annars staðar
- kanni hlutskipti Ingibjargar, konu Jóns, og annarra kvenna af ýmsum stigum í framhaldi af því og/eða upphaf kvenfrelsisbaráttu
- þekki áfanga íslenskrar sjálfstæðisbaráttu til upphafs heimastjórnartímabilsins
- kanni áberandi breytingar á atvinnuháttum, einkum í Englandi (upphaf iðnbyltingar), Danmörku (búnaðarframleiðsla), Noregi (timburiðnaður, siglingar, sjávarútvegur) og á Íslandi (pílskip, togarar, vélbátar)
- skoði uppgang Evrópuríkja í veröldinni með iðnbyltingu og nýlendustefnu að vopni
- kanni fjarlæg þjóðfélög, breytingar sem þar áttu sér stað og tengsl þeirra við Evrópu
- kanni hvaða sess Jón Sigurðsson hefur haft á Íslandi fram til þessa dags, t.d. með því að skoða kennslubækur, myndir og stytur
- fái mynd af híbýlakosti og húsagerð á Íslandi, verklagi við gerð húsa og eiginleikum þeirra, ásamt þróunarsögu frá gangabæjum til burstabæja, timburhúsa og fyrstu steinhúsa
- öðlist þekkingu á og tilfinningu fyrir heimilishaldi og breytingum sem urðu á því (matargerð, geymslu matvæla, ljósmeti, saumaskap, skógerð, aðdráttum), m.a. með skoðunarferðum og/eða með því að taka til hendinni
- kynnist ráðum sem almenningur kunni sér til heilsubótar og lækningar
- fylgi þróun læknisfræði og heilsugæslu á Íslandi; kynnist störfum heilbrigðisstétta og fyrstu sjúkrahúsum
- kynnist ritmenningu Íslendinga og hvernig hún birtist í afskriftahefð, skáldskap, blöðum, tímaritum, dagbókum og sendibréfum
- hagnýti sér til fróðleiks og ánægju menningarþætti og menjar sem gefast á söfnum, í sjónvarpi, heimabyggð, eigin fórum eða annarra, með heimsóknum eða í nýlegum ritum og tengjast tímabilinu; vinni úr efninu og miðli til annarra
- skoði upphaf skemmtigarða í Evrópu, t.d. Tívolís í Kaupmannahöfn, og kanni fyrirkomulag þeirra og hlutverk
- afli sér upplýsinga úr ritum, af myndum og Netinu um lífshlaup, þjóðfélagsstöðu, verk og einkenni einstakra listamanna og hópa þeirra.
- setji sig í spor jafnaldra á fyrri tíð og á mismunandi menningarsvæðum út frá forsendum hvers tíma og staðar
- kanni þá kosti sem einstaklingar og hópar áttu við mismunandi aðstæður
- lesi úr frumtextum og öðrum minjum vitnisburð um líf, störf og viðhorf mismunandi tíma
- greini mismunandi svið mannlífs og þjóðlífs og leiti tengsla milli einstaklinga, menningar, samfélags, stjórnmála og fleiri þátta
- meti listir og menningu sem einstaklingsbundið framlag í samhengi við tíma og umhverfi.

Námsgögn og leiðir

Nemendur lesa og vinna, ýmist einir eða í hópum, verkefni úr kennslubók og öðrum heimildum. Fjallað verður um íslenska stjórnmálasögu á 19. og 20. öld. Jón *Sigurðsson* og hugmyndir 19. aldar. Unnið verður með ýmsar heimildir tengdar efninu svo sem myndbönd og efni af internetinu. Þá verður eitt stórt verkefni um Jón Sigurðsson unnið. Bókin *Sjálfstæði*



Íslendinga III verður notuð sem ítarefni.

Námsmat

Vinumappa gildir 30%, vinnueinkunn 30%, verkefni og kannanir gilda 40% af lokaeinkunn.

Landafræði

Markmið

Að nemandi

- átti sig á hvaða vandkvæði eru á að flytja upplýsingar um hnött yfir á flatt blað, t.d. með því að flysja appelsínu
- læri að nota bauganet jarðar við nákvæma staðsetningu (gráður, mínútur og sekúndur)
- kynnist því hvaða atriði stýra vali á kortvörpun við kortagerð
- þekki á heimskorti nöfn og legu heimsálfanna, úthafanna, stærstu fjallgarða og mestu fljóta jarðar auk legu miðbaugs, heimskaupsbauga, póla, daglínu og núlllengdarbaugsins
- kynnist helstu litum, letri og táknum á landakortum
- átti sig á hvernig mælikvarði korta setur skorður þeim upplýsingum sem hægt er að koma fyrir á landakorti
- læri að búa til og túlka einföld loftslagsrit og átta sig á gildi slíkra upplýsinga
- skilji hvernig tímakerfi okkar byggist á lengdarbaugum jarðar
- átti sig á að landakort eru gjarnan flokkuð eftir mælikvarða í kort í stórum mælikvarða (minni en 1:250 000) eða kort í litlum mælikvarða (stærri en 1:250 000)
- þekki innri gerð jarðar í grófum dráttum, þ.e. skiptingu hennar í jarðskorpu, möttul og kjarna
- fjalli um hvernig jarðskorpan skiptist í fleka og átti sig á að landrek er orsök jarðskjálfta og eldgosa
- skilji í grófum dráttum hvernig yfirborð jarðar hefur þróast í rás jarðsögunnar
- skilji í grófum dráttum hvernig mismunandi bergtegundir hafa orðið til
- læri um helstu náttúruferli sem geta valdið hamförum á Íslandi, s.s. eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð og vinda
- læri hvernig veðrun og rof verður af völdum vinda, vatns og jökla
- átti sig á áhrifum veðrunar annars vegar og rofs hins vegar með því að læra um hvernig berg slitnar og molnar fyrir áhrif t.d. frostveðrunar, sólsprengingar og efnaveðrunar og hvernig rof veldur flutningi efnis langar leiðir
- læri að greina á milli endurnýjanlegra auðlinda og forða (t.d. jarðefnaeldsneytis)
- skilji hvernig vindar verða til og hvers vegna þeir blása í ólíkar áttir á ólíkum stöðum á jörðinni
- þekki mestu hafstrauma jarðar, orsök þeirra og áhrif á loftslag strandsvæða
- þekki stærstu hafstrauma jarðar og áhrif þeirra á mannlíf á jörðinni
- kynnist því hvaða áhrif framkvæmdir manna hafa á höfin, t.d. ofveiði og mengun
- skilji að úrkoma orsakast af því að rakt loft rís og kólnar
- skilji tengsl úrkomu og þess að fjall knýr loft til að stíga, að hlýr og kaldur loftmassi mætast eða að heitt land veldur uppstreymi lofts
- læri að lýsa mynstri árstíðabundins meðalhita og meðalúrkomu á Íslandi á þemakorti eða loftslagslínuritum
- kanni vatnasvið á með því að skoða kort og greina vatnaskil út frá landslagi, helstu



- þverám og ósum
- kynnist því hvernig mennirnir hafa breytt landslaginu í heimabyggðinni, t.d. í tengslum við landbúnað, iðnað, ferðamannaþjónustu, verslun og samgöngur
 - átti sig á vandasömu hlutverki þeirra sem taka ákvarðanir um skipulag lands bæði í þéttbýli og dreifbýli
 - læri um áhrif t.d. vaxandi fjölda einkabíla á samgöngukerfi landsmanna og þjálfist í að veða og meta kosti og galla við hugsanlegar stórfamkvæmdir eins og jarðgangagerð eða virkjanir
 - fjalli um tengsl orkulinda og staðsetningar stóriðju, t.d. á Íslandi
 - læri að lýsa landfræðilegum einkennum heimabyggðarinnar, t.d. landslagi, búsetumynstri og dreifingu fólksfjölda með viðeigandi hugtökum eins og þéttbýli, dreifbýli, aldursamsetning og kynjaskipting
 - þekki mikilvægi vatnsorku (fallvatna og jarðhita) á Íslandi og hvernig hún er nýtt
 - fái yfirlit yfir sólkerfið, göngu jarðar og tungls, árstíðaskipti, sólarhæð, dægraskipti, tímabelti og sjávarföll
 - þjálfist í að sækja landfræðilegar upplýsingar (t.d. um íbúafjölda, atvinnuvegi og úrkomu) í gagnasöfn, t.d. á geisladiskum og af Netinu
 - kynnist því hvernig menn nýta náttúruauðlindir m.a. við öflun matar og orku
 - kannist við þær umræður sem fram hafa farið um verndun auðlinda og auðlindanýtingu, þ.á m. álitamál sem upp hafa risið.

Námsgögn og leiðir

Nemendur ræða og vinna verkefni í lesbók og af ýmsum ljósrituðum blöðum sem tengjast efninu. *Landafræði handa unglingum 1. hefti* lesin ásamt ítarefni frá kennara. Myndbönd, kortabækur, heimskort, hnattlíkan o.fl.

Námsmat

Vinumappa gildir 30%, vinnueinkunn 30%, verkefni og kannanir gilda 40% af lokaeinkunn.

Trúarbragðafræði

Markmið

- Að nemandi
- geri sér grein fyrir eðli og fjölbreytileika trúarbragða og trúariðkunar og áhrifum þeirra á siði og menningu.
 - þekki helstu hugtök og fyrirbæri svo sem andahyggju, galdur, dulmegin(mana), guðsmynd, bæn, hugleiðslu, fórnir og hvað í þeim felst.
 - geti greint helstu trúarleg embætti og hvaða hlutverki þau gegna svo sem embætti presta, spámanna, töframanna og höfðingja.
 - geti sagt deili á megineinkennum, inntaki, og helgisiðum helstu trúarbragða heims, auk kristni, svo sem gyðingdóms,islams, hindúarsíðar og búddadóms og útbreiðslu þeirra.
 - öðlist nokkra þekkingu á síkhatrú, baháítrú, taóisma, Konfúsíusarhyggju og ættbálkatrú.
 - nái nokkru valdi á að bera saman meginatriði ólíkra trúarbragða svo sem sögu, guðshugmyndir, tilveruskilning, mannskilning, frelsunarleiðir, hugmyndir um dauðann, helgirit, helgisiði, og siðgæði.



Námsgögn og leiðir

Bókin *Maðurinn og trúin* er lögð til grundvallar. Ýmsar kennsluaðferðir eru notaðar, s.s. myndræn tjáning, umræður, hópavinna, einstaklingsvinna o.fl. Nemendur fá að kynna mismunandi trúarbrögðum fólks þar sem mest áhersla verður lögð á útbreiddustu trúarbrögðin þ.e. gyðingdóm, kristna trú, islam, hindúasið og búddhadóm.

Námsmat

Vinumappa gildir 30%, vinnueinkunn 30%, verkefni og kannanir gilda 40% af lokaeinkunn.

Náttúrufræði

Lífvisindi

Markmið

Að nemandi

- kynnist völdum þáttum úr sögu náttúruvísinda sem varpa ljósi á þróun lífvísinda
- ræði um nokkrar ráðgátur sem lífvísindin glíma við í dag og möguleg samfélagsáhrif á Íslandi í alþjóðlegu samhengi
- nái valdi á beitingu ýmissa grunnhugtaka varðandi efnaskipti, vöxt, æxlun, þroskun og hreyfingu, m.a. með eigin athugunum, heimildaöflun, verkefnum og umræðum
- geti lýst sameiginlegum einkennum lífvera
- geti lýst orkuþörf lífvera og hvernig þær verða sér úti um orku
- geti skýrt hvers vegna vatn er nauðsynlegt öllum lífverum
- geri greinarmun á ólífrænum og lífrænum efnum og þekki hlutverk sykkurefna, prótína, fituefna og erfðaefnisins
- þekki algengustu frumefnin í lífverum
- geti skýrt frumuöndun og ljóstíllifun og hvernig þessi mikilvægu efnaferli tengjast
- geti lýst stærð og uppbyggingu fruma og dæmum um sérhæfingu þeirra eftir eigin athuganir á frumum, t.d. í þekjuvef laufblaðs, loftaugum smápörunga og húðfrumum úr munnholi
- geti lýst sérhæfingu og hlutverki frumulíffæra, s.s. kjarna, hvatbera, ríbósóma og grænkorna
- geti borið saman plöntu- og dýrafrumu
- geti lýst hvaða nútímataækni gerir kleift að stunda frumurannsóknir
- geti skýrt hlutverk frumukjarnans, erfðaefnisins og litninganna
- geti skýrt jafnskiptingu fruma og hvað hún felur í sér
- geti skýrt í grófum dráttum hvernig kynfrumur verða til, hvað gerist við frjóvgun og hvað felst í hugtakinu þroskun
- geri einfaldar tilraunir með osmósu og flæði, t.d. með tepoka í vatni, útskýri hvað gerist og líki við starfsemi frumuhimnu.

Námsgögn og leiðir

Námsefnið *Einkenni lífvera* fjallar um helstu einkenni lífvera. Hún skiptist í 5 kafla sem eru um rannsóknir á lífverum, eðli þeirra gerð og samskipti milli þeirra. Vinnan í hverjum



kafla byggist á glósuvinnu, verkefnum, þar sem svara á spurningum, leysa þrautir eða gera tilraunir. Í fyrsta kafla er nokkur sambætting við eðlisfræðina þar sem unnið er með vísindalegar mælingar og ýmis vísindatæki. Hópavinna er töluverð þar sem settar eru upp stöðvar með ólíkum viðfangsefnum og nemendur færast svo milli hópa. Mikið er til af ljósrituðu efni sem unnið er með í tengslum við efni bókarinnar. Kennsluaðferðir eru í formi stuttra fyrirlestra, glósuvinnu, verkefnavinnu, hópaverkefna, sjálfstæðra vinnubragða, tilrauna eða verklegra æfinga og sýnikennslu. Heimanám er að langmestu leyti lestur þess efnis sem fara á að fjall um í næsta tíma eða upprifjun úr því sem unnið var í tímanum.

Námsmat

Próf eru í lok hvers kafla en þau gilda samtals 40%. Prófin eru öll eins uppbyggð. Þetta eru próf sem fylgja námsefninu og eru þetta krossapurningar úr köflunum. Vinna í tímum, vinnubók og önnur verkefni gilda 40%. Skýrslur og þáttaka í tilraunum gildir 20%

Eðlis- og jarðvísindi

Markmið

Að nemandi

- geti borið saman og fjallað um muninn á hugtökunum massi og þyngd efna m.t.t. þyngdarkrafts á jörðinni og tunglinu
- geri tilraunir sem sýna tengsl millilítra og rúmsentimetra og geti notað þessa vitneskju til að finna rúmmál óreglulegs hlutar
- geti fundið (mælt og reiknað) eðlismassa mismunandi efna og sýnt að eðlismassi þeirra er ólíkur
- geri tilraunir til að greina óþekkt efni með því að finna bræðslu- og suðumark þess
- þekki hvernig frumeindir eru gerðar úr rafeindum, róteindum og nifteindum og geti skilgreint hugtökin sætistala, massatala og samsæta
- hafi unnið með lotukerfið og skilji að frumefnin raðast eftir eiginleikum sínum og fjölda róteinda
- þekki á hvaða forsendum lotukerfi Mendelejevs var byggt á sínum tíma og þekki til kenningar Niels Bohrs um frumeindir
- geri sér grein fyrir, með notkun líkana og teikninga, hvernig frumeindir geta tengst saman og myndað sameindir sem ýmist eru frumefni eða efnasambönd
- þjálfist í að finna mismunandi efnaformúlur án þess að nota tölvuforrit og með tölvuforriti
- þjálfist í að skrifa og stilla einfaldar efnajöfnur og kunni að staðfesta þær án þess að nota tölvuforrit og með tölvuforriti
- geti sýnt fram á að efnasambandið vatn klofnar í frumefni sín við rafgreiningu
- geti framkvæmt athuganir til að komast að því hvort óþekkt efni er hreint efni, efnablanda og ef efnið er hreint efni þá hvort það sé frumefni eða efnasamband
- geri athuganir á sjó, gerð hans og eðli
- hafi kynnst eiginleikum mikilvægustu lofttegundanna, þekki efnasamsetningu lofthjúpsins og hugtökin ósonlag og gróðurhúsaáhrif

Námsgögn og leiðir

Mælingar á massa, lengd og tíma. Eðlismassi, frumeindir, flokkun efna er sambætt við lífvísindin. Í bókinni *Orka* eru lesnir kaflarnir um hljóð og ljós. Vinnan í hverjum kafla byggist á glósuvinnu, verkefnum, þar sem svara á spurningum, leysa þrautir eða gera tilraunir. Kennsluaðferðir eru í formi stuttra fyrirlestra, glósuvinnu, verkefnavinnu, hópaverkefna,



sjálfstæðra vinnubragða, tilrauna eða verklegra æfinga og sýnikennslu.

Námsmat

Próf eru í lok hvers kafla en þau gilda 40%. Prófin eru öll eins uppbyggð. Þetta eru próf sem fylgja námsefninu og eru þetta krossapurningar úr köflunum. Vinna í tímum og vinnubók gilda 40%. Önnur verkefni, verklegar æfinar og tilraunir gilda 20%

Lífsleikni

Markmið

Að nemandi

- átti sig á að einstaklingar eru stöðugt að miðla tilfinningum sín á milli og láta þannig í ljós líðan sína og hugarástand
- öðlist skilning á að einstaklingar geta upplifað og túlkað áreiti í umhverfinu með ólíkum hætti
- geri sér grein fyrir hlutverki laga og reglna í persónulegum og ópersónulegum samskiptum einstaklinga, t.d. innan fjölskyldu, í skóla, á vinnustað og á milli einstaklinga af ólíku þjóðerni
- geti tjáð og færð rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundi
- læri að vega og meta langanir sínar og væntingar á raunhæfan hátt til að geta sett sér persónuleg markmið
- geti sett sér fyrir sjónir margvísleg vandamál og fundið eigin lausnir á þeim
- viti um námstilboð skólans fyrir 9. og 10. bekk
- viti um rétt sinn til að ljúka grunnskóla á skemmri tíma en 10 árum
- þekki ýmis lög og reglur sem taka til samskipta manna
- læri að meta ráðstöfun eigin tekna með tilliti til nauðsynja og annarra útgjalda
- þekki viðurkenndar merkingar fyrir umhverfisvænar vörur
- geti aflað sér nauðsynlegra upplýsinga um vöru, þjónustu og ferðalög
- geti gert eigin áætlun um sparnað og ávöxtun
- geti tekið ábyrgð á eigin öryggi í öllum ferðum
- þekki flest boð-, bann- og leiðbeiningarmerki í umferðinni
- þekki reglur og viðbrögð almannavarna varðandi náttúruhamfarir og hættuástand.

Námsgögn og leiðir

Unnið verður í anda uppbyggingarstefnunnar þar sem þarfir einstaklingsins verða skoðaðar og bekkjarsáttmáli gerður. Unnið verður með lífsgleði og frelsi. Verkefni úr *Verkefnakistunni*. Ekki er um neitt formlegt námsmat að ræða í lífsleikni.

Tölvunotkun

Markmið

Að nemandi

- nái góðum tókum á blindskrift og rétttri líkamsbeitingu við tölvuvinnu
- geti nýtt sér glærugerðarforrit
- læri undirstöðuatriði í notkun þrívíddarforritsins Google sketchup.



- kunni meðferð á myndum og texta af margmiðlunardiskum og af neti

Námsgögn og leiðir

Þeir nemendur sem völdu upplýsingatækni / tölvunotkun stunda það nám 2 tíma vikulega eftir áramót.

Kennd verða grundvallaratriði við glærugerð og hvernig nemendur geta nýtt sér glærugerð til kynningar á eigin efni. Stuðst verður við kennslubókina *Margmiðlun, skref fyrir skref* ásamt ýmsum ljósritum og efni á vef. Rífaðar verða upp helstu aðgerðir í töflureikninum excel og nýjum bætt við. Kennd verða undirstöðuatríði í þrívíddarteikni-forritinu Google Sketchup.

Kennsluforritið Ritfynnur verður notað til að æfa og viðhalda fingrasetningu nemenda, markmiðið er 160 slög á mínútu eftir 8. bekk.

Forrit: Ritfynnur, Power Point, Google sketch up, Excel o.fl.

Námsmat

Próf gilda 50 % og vinnueinkunn þar sem metin eru verkefni og frammistaða í tímum gildir 50%.

Hönnun og smíðar

Markmið

Að nemandi

- fáist við verkefni þar sem lögð er áhersla á hönnun nytjahluta með listræna útfærslu í huga
- hagnýti sér grunnatriði litafræði og formfræði við hönnun viðfangsefna
- leiti sér að hugmyndum úr náttúrunni, söfnum eða sýningum
- þjálfist í að rissa upp mismunandi útlitsmyndir af hlutum og velja eftir eigin mati
- læri að skreyta viðfangsefni sín á persónulegan hátt
- þekki meginstefnur í iðnhönnun á 20. öld
- geri ráð fyrir mannlíkamanum í hönnun sinni
- geti teiknað lýsandi myndir af notkun hluta sem hann hannar þar sem maðurinn kemur við sögu
- geti útbúið hönnunarplögg ásamt lýsingu á eðli hönnunarinnar
- hagnýti sér tölvustudda hönnunarframleiðslu við mótun viðfangsefna sinna og til að skreyta
- læri að tvinna saman handverk og tölvustýrðan framleiðslubúnað
- sýni handverki virðingu og meti að verðleikum
- sýni sjálfstæði í vinnubrögðum
- sýni ábyrgð í að viðhalda gæðum og öryggi vinnuumhverfisins
- sýni færni í að meta og rökstyðja gæði eigin vinnu.

Námsgögn og leiðir

- Áhersla á hönnun, sjálfstæði í vinnubrögðum. Kennsluefni: Tiltækar fræðibækur og almennar umræður, hugmyndaleit.
- Kennslufyrirkomulag: Hönnunaræfingar, hönnunarforrit, frumgerðasmíði og verklegar æfingar. Sjálfsmat.



Námsmat

Símat kennara; hönnun 25%, tækni 25% verklag 25%, ástundun 25%.

Heimilisfræði

Markmið

Að nemandi

- fái þjálfun í að tengja næringarfræði og matreiðslu í verki
- fái þjálfun í að setja saman máltíð með hliðsjón af fæðuhring
- fái þjálfun í að matreiða fjölbreyttan, girnilegan og góðan hversdagsmat samkvæmt manneldismarkmiðum
- vinni af öryggi með helstu matreiðsluaðferðir og hafi tileinkað sér góða vinnutækni og rétta líkamsbeitingu
- geti lagt mat á gæði algengustu matvæla sem eru á markaðnum, geymsluaðferðir og geymsluþol
- geti hagnýtt sér umbúðamerkingar matvæla
- geti gert samanburð á nýmeti og unnum matvælum
- þjálfist í að sýna hreinlæti í verki við heimilisstörf
- læri að skipuleggja innkaup með tilliti til hagsýni (verð, gæði og umhverfissjónarmið)
- þjálfist í að vinna með öðrum og virða jafnrétti og skoðanir annarra

Námsgögn og leiðir:

Í verklegri heimilisfræði vinna nemendur í smáum hópum og æfast í helstu matreiðsluaðferðum úr hollu hráefni. Einnig verða bakstursaðferðinar þjálfaðar (hnoðað deig, hrært deig, þeytt deig og gerdeig). Hver nemandi er aðra önnina í verklegum tímum. Í verklegum tímum vinna nemendur oftast 2 saman en stundum 3.. Stundum er sýnikennsla notuð til að útskýra fyrir nemendum en einnig er útskýrt í upphafi hvernig besta er að vinna verkefnið. Kennari gengur milli hópa og útskýrir aðferðir jafnóðum. Nemendur mæta aðra hvora viku og eru tvær kennslustundir.

Námsmat

Símat á vinnubrögðum, vinnusemi, umgengni, hegðun og sjálfstæði. Formlegt mat í lok annar.

Handmennt

Markmið

Að nemandi

- kynnist saumavélinni og læri hvernig hún vinnur
- geti spólað og þrætt saumavél
- kynnist öllum helstu áhöldum sem notuð eru við vélsaum og læri nöfn þeirra
- öðlist færni í að sauma beina sauma, horn og beygjur
- kynnist hvernig snið eru tekin upp úr blöðum.
- prófi að sníða einfalda flík



Námsgögn og leiðir

- Nemendur vinna einfaldar saumaæfingar. Nemendur sníða og sauma grillhanska. Læra að taka upp, sníða og sauma einfalda flík eftir því sem tími vinnst til.

Námsmat

Virgni og vinnubrögð í tímum metin.. Formlegt mat í lok hvorrar annar.

Myndmennt

Markmið

Að nemandi

- þekki hlutföll mannlíkamans
- geri sér grein fyrir heildarbyggingu mannlíkamans og geti gert samanburð á hlutföllum og stærðum með mælingum
- vinni mynd af andliti og mannlíkamanum í tvívídd og þrívídd
- vinni mynd af manneskju í ákveðnu rými
- þekki hugtakið fjölfeldi
- geti notað mismunandi tæknilega miðla, s.s. tölvu, ljósritunarvél, ljósaborð og myndvarpa
- geti gengið frá verkefnum, efnunum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- geri sér grein fyrir mismunandi sýn listamanna á mannlíkamann á ólíkum skeiðum listasögunnar
- geti skilgreint konseptlist og skoði mynddæmi af verkum í þeim anda
- geti skilgreint hugtakið portrettmynd og þekki dæmi af þeirri tegund myndverka
- þekki atvinnugreinar myndlistarmanna og hönnuða
- geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd og rökstutt hana; áherslu skal leggja á þætti s.s. myndlýsingu sem tekur til lögmála og aðferða myndlistarinnar og inntaks, þ.e. túlkunar innihalds
- geti fjallað um ýmis dæmi um konseptlist í nútímanum
- hafi fengið innsýn í myndmál nútímamiðla með mynddæmum
- þekki tjáningarleiðir myndlistar
- skilji myndræna hugsun
- verði læsir á sjónrænt umhverfi sitt.

Námsgögn og leiðir

Myndir hafa sitt eigið tungumál, myndmál, og maðurinn hefur alla tíð notað myndir sem boðtæki. Nemendur lesa *Myndmennt* 1 og 2, kennslubækur í myndmennt fyrir grunnskóla.

Upprifjun á litafraeði. Teikning með blýanti, teiknikolum, þurrpastel ofl. Nemendur teikna hluti eftir fyrirmynd s.s. uppstillingu og/eða umhverfisteikningu. Grafík; nemendur þekki hugtakið fjölfeldi og a.m.k. eina grafíska aðferð t.d. dúkristu. Nemendur þekki hugtakið fjarvídd og vinni einföld verk sem fela í sér notkun sjónhæðarlínu, hvarfpunkta osfr. Nemendur vinna með texta og letur. Inn í námið verður fléttað fróðleik um listamenn og stefnur og e.t.v. farið á listasafn.

Námsmat

Litameðferð, þekking, áráði í vali á verkefnum og vandvirkni er metin í hverju verkefni



ásamt því hvort farið er eftir fyrir mælum.

Íþróttir

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og armgangi á bita eða rá, utanverðu stökki yfir tvo kubba (þversum með tvö bretti) og utanverðu stökki yfir hest
- þjálfist í flóknum hreyfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu
- taki þátt í æfingum og leikjum sem veita útrás fyrir hreyfipörf og efla færni í íþróttagreinum
- þjálfist enn frekar í óhefðbundnum íþróttum
- fái nýja hreyfireynslu sem snýr að þátttöku í íþróttum eða hreyfingu, s.s. klettlífri, róðri, dansi, s.s. valhoppspolka, spuna og bændaglímu
- þjálfist í undirstöðuatríðum nýrra eða áður lærðra hóp- og einstaklingsíþróttar sem stundaðar eru hér á landi
- nái frekari tökum á undirstöðuatríðum í vetraríþróttum, s.s. að renna sér á skautum, að leika ísknattleik, að renna sér á svigskíðum og að ganga á skíðum
- fái tækifæri til að iðka íþróttagrein að eigin vali í styttri eða lengri tíma
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, hjarta- og blóðrásarkerfi
- þjálfist í æfingum sem efla kraft, s.s. ýmsum styrkjandi og mótandi æfingum fyrir helstu vöðvahópa líkamans, tvímenningsæfingum og kúluvarpi
- þjálfist í að nota eigin líkamspunga til kraftþjálfunar
- þjálfist í æfingum sem efla hraða og viðbragð
- þjálfir þrek sitt á leikrænan hátt með undirstöðuæfingum ýmissa íþróttagreina
- tileinki sér rétta tækni við vöðvateygjur og liðkandi æfingar
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s. þolpróf, 12 mín. hlaup, kraftpróf, armtog á bita, skáhanga, hælur í gólf, armbeygja og armrétta, liðleikapróf og teygt fram á kassa
- taki þátt í hringþjálfun sem nær yfir 3-4 vikur
- læri nýjan íslenskan og erlendans dans
- þjálfist í að auðga hugmyndaflug, sköpunarmátt og tjáningu með fjölbreyttu hreyfinámi
- þjálfist í að skipuleggja, framkvæma og bera ábyrgð á hópvinnu sem snýr að íþróttum og leikjum
- taki þátt í og beri ábyrgð á samstarfsverkefnum eins og bekkjarmótum og íþróttasýningum
- öðlist enn frekari skilning og raunsætt mat á eigin getu í ýmsum færni- og tjáningarpáttum
- taki þátt í hópverkefnum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félaga eða félögum hvatningu
- fái hvatningu til frekari íþróttaiðkunar
- fái upplýsingar um möguleika til frekari ástundunar íþróttar hjá íþróttafélögum í heimabyggð eða næsta nágrenni
- fræðist um og tileinki sér rétta líkamsbeitingu í skóla og við vinnu
- læri með hvaða æfingum og leikjum hægt sé á markvissan hátt að efla hjarta og blóðrásarkerfi og starfsemi lungna
- læri helstu hugtök ýmissa íþróttagreina



- tileinki sér öryggis- og umgengnisreglur á nýjum vettvangi
- fá fræðslu og reynslu í notkun ýmiss konar útbúnaðar og klæðnaðar vegna útivistar
- nýti sér tölvu og upplýsingatækni við skrásetningu æfingadagbókar í líkams- og heilsurækt.

Námsgögn og leiðir

Reynt verður af fremsta megni að nálgast markmið kennslunnar í gegnum fjölbreytta leiki og leikrænar æfingar með eða án bolta. Nemendur vinna töluvert í stöðvahringjum þar sem áhersla er lögð á að efla kraft, fimi og liðleika auk þess sem líkamspól verður eftt t.d. með útihlaupum.

Útiþróttir

Leitast er við að allar bekkjardeildir sækji íþróttatíma úti, á skólalóð, 3 vikur í september og 3 vikur í maí. Megintilgangur þessara tíma er að leggja áherslu á mikilvægi útiveru. Tímarnir byggjast á ýmsum leikjum, útihlaupum og almennri útiveru. Nemendum er bent á viðeigandi klæðnað til íþróttaiðkunnar.

Námsmat

Að miklu leyti huglægt mat sem byggist á virkni, áhuga, hegðun og framförum nemenda. Kannanir verða lagðar fyrir og hafðar til hliðsjónar við lokamat. Á haustönn eru gerðar athugasemdir en í lok vorannar er formlægt námsmat.

Sund

Markmið

- Að nemandi
- bæti tækni í helstu sundaðferðum
 - kynnist ýmsum möguleikum til sundíþróttar
 - nái tökum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í 25 m skriðsundi og 25 m baksundi
 - nái valdi á fjölbreyttum og flóknum hreyfingum eins og samsettum hreyfingum arma og fóta með mismunandi útfærslu
 - geti synt að hlut í miðri laug, kafað eftir honum á allt að 2 m dýpi og synt til baka.
 - taki þátt í æfingum og leikjum sem efla líkamspól
 - taki þátt í æfingum og leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, samhæfingu og nýtni sundtaka, liðleika og hreyfanleika
 - taki þátt í sundþjálfun til að synda ákveðnar vegalengdir innan ákveðinna tímamarka
 - taki þátt í 400 m þolsundi þar sem markmiðið er að geta synt vegalengdina viðstöðulaust með frjálsum sundaðferðum
 - þjálfist í að geta troðið marvaða í a.m.k. eina mínútu
 - læri að nýta sér umhverfi sundstaðar til líkams- og heilsuræktar
 - taki þátt í ýmsum aðferðum við þjálfun og kennslu, s.s. stöðvaþjálfun í vatni, hringþjálfun og hraðaleik
 - þjálfist í að skipuleggja, framkvæma og bera ábyrgð á hópvinnum sem snýr að sundiðkun
 - leysi af hendi verkefni sem ná til hvatningar til áframhaldandi sundiðkunar
 - fá upplýsingar um frekari ástundun sunds hjá íþróttafélögum



- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga
- þjálfist í leikjum og æfingum þar sem veita þarf félagu eða félögum hvatningu
- öðlist þekkingu á mikilvægi sunds og geti nýtt sér það til líkams- og heilsuræktar
- öðlist aukna þekkingu á réttri beitingu sundtaka
- læri helstu hugtök og reglur sundíþrótta
- tileinki sér öryggisatriði sundstaðar
- þjálfist áfram í helstu atriðum sem snúa að björgun úr vatni og endurlífgun.

Námsgögn og leiðir

Sundbolur og sundskýla, ekki bíkíni, síðar buxur eða stuttbuxur þar sem slíkur fatnaður hamlar sundfærni. Verkefni tilheyrandi hverju sundstigi.

Námsmat

Sundstigspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori.

Sundstig - samræmd markmið í 8. bekk:

- 400 m frjáls aðferð, viðstöðulaust
- 75 m skriðsund.
- 50 m baksund
- 25 m flugsund með eða án hjálpartækja
- Tímataka 50 m bringusund: Lágmark: Stúlkur 67 sek; drengir 65 sek.
- Tímataka 25 m skriðsund: Lágmark: Stúlkur 30 sek; drengir 30 sek.
- Troða marvaða í 1 mínútu.
- Nemandi syndir 8 metra kafsund að hluta á botni laugar (á allt að 2 metra dýpi) nær í hlut af botni og syndir með hann til baka (ekki í kafi). Æfingin endurtekin eftir 10 sek.

Upplýsingamennt

Markmið:

að nemendur:

- geti leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi safnsins
- öðlist enn frekari þjálfun í notkun útlánakerfisins
- þjálfist í notkun handbóka, alfræðiorðabóka og margmiðlunardiska
- þekki þá möguleika sem netið býður uppá við upplýsingaleit
- nái tókum á leitarlestri, yfirlitslestri og ítarlestri við vinnu sína
- þekki lykilorð í texta og geti unnið eigin stiklutexta út frá þeim
- geti lesið úr tölfræðilegum upplýsingum
- skipuleggi heimildavinnu og geti unnið spurningar, varðveitt heimildir, flokkað heimildir og greint, unnið úr upplýsingum og gert grein fyrir niðurstöðum
- geti búið til heimildaskrá
- kunnir að vitna í heimildir
- þekki helstu íslenska rithöfunda og verk þeirra
- kynnist helstu greinum lista, vísinda, tækni og verkgreina í gegnum safnið
- þekki lög um höfundarrétt og þá ábyrgð sem þau hafa við notkun heimilda og framsetningu efnis á neti.



Námsleiðir:

Unnin verður heimildaritgerð tengd námsefni í samráði við umsjónarkennara þar sem farið verður í gegnum áður talin atriði og þau þjálfuð. Nemendur verða hvattir til að fá að láni bækur og þeir æfðir í leit á safni og neti.

Hver bekkur fær úthlutað sem svarar einni kennslustund á viku í eina önn. Hálfur bekkur kemur á safnið í einu. Til greina kemur einnig að kenna í lotum í samráði við umsjónarkennara.

Fatasaumur-val

Markmið

- Að nemandi
- fari í undirstöðuatriði í meðferð saumavéla .
- læri heiti og hugtök sem tengjast vélinni og saumaskap yfirleitt.
- læri að taka snið upp úr blöðum.
- saumi einfaldar flíkur.

Námsgögn og leiðir

- Nemendur gera þjálfunaræfingar til að ná góðu valdi á saumavél, læra að taka snið upp úr blöðum, leggja þau á efni og sníða. Nemendur sauma flík (flíkur) á sjálfa sig eða aðra.

Námsmat

- Frammistaða í tímum og verkefni metin.

Heimanámsval

Þessi valgrein er ætluð þeim sem þurfa heimanámsaðstoð í einu eða fleiri fögum. Greinin er hugsuð sem stuðningur við námsefni unglíngadeildar. Mætingarskylda er í faginu og ef nemendur koma ekki með heimanám til að vinna verða þeim fengin önnur verkefni til að vinna í tímanum. Valgreinin er hugsuð sem stuðningur við nemendur og getur nýst sem undirbúningur fyrir samræmd próf.

Námsmat:

Lokið / ólokið.

Íþróttir-val

Markmið

Sjá íþróttir –kjarna.

Námsgögn og leiðir

Námið er tvískipt, annars vegar bóklegt nám s.s. þjálfunarfræði, íþróttaslys, hinar ýmsu íþróttagreinar o.fl. Hins vegar verklegt nám þar sem nemendur í samráði við kennara



skipuleggja kennslustundir og kenna hver öðrum.

Námsmat

Námsmat byggist á frammistöðu í tímum og verkefnum.

Leiklist - val

Leiklist verður kennd í tvo tíma í viku fram yfir áramót. Í nokkrar vikur fyrir árhátíð verða tíðari æfingar en leiklist er ekki kennd eftir árhátíð.

Farið verður í undirstöðuatriði leiklistar, s.s. spuna, stíla, leikæfingar, endurgerðir, leiklestur o.s.frv. Sett verður upp leikrit á árhátíð skólans.

Námsmat

- Símat: Hegðun, ástundun og færni verður metið til einkunnar.

Marimba – val

Marimbaval er kennt í tvo tíma í viku. Nemendur er skipt upp í marimbasveitir sem skiptast á að spila og æfa sig. Nemendur koma fram við ýmis tækifæri og kenna stundum sjálfir á marimba bæði yngri nemendum skólans og utan við skólan, t.d. á opnum dögum hjá VMA. Nemendur koma víða fram í samfélaginu og hafa samskipti við marimbasveitir í Hafralækjarskóla og Borgarhólsskóla, Húsavík.

Námsmat

Símat: hegðun, mætingar og viðhorf nemenda.

Myndmennt - val

- Áhersla lögð á að þjálfa sjálfstæð vinnubrögð. Verkefni verða unnin með mismunandi tækni allt frá hugmyndavinnu yfir í nánari útfærslu í teikningu, málun og mótun. Einnig verður litið á listasöguna og m.a. skoðuð vinna og verk einstakra listamanna og mismunandi listastefnur.

Námsmat

byggist á frammistöðu í tímum og mati á verkefnum.

Myndvinnsla – kvikmyndir

Farið verður í myndvinnslu (Paint Shop pro): Nemendur skanna inn myndir, vinna með þær og umbreyta og nota stafræna myndavél.

Þá verður unnið með undirstöðuatriði kvikmyndagerðar, þ.e. kvikmyndatöku, hljóð, lýsingu og klippingu. Unnið verður í Windows MovieMaker. Mjög gott er ef nemendur eiga stafrænar myndbandsvélar. Lokaverkefni er upptaka og vinnsla stuttmynda..